

GJALDSKRÁ

velferðarsviðs Reykjavíkurborgar fyrir stuðningsþjónustu í formi þrifa.

1. gr.

Upphæð gjalds.

Gjald fyrir hverja unna vinnustund á dagvinnutíma vegna stuðningsþjónustu í formi þrifa á heimili er kr. 1.655.

Þjónusta í formi þrifa, sem er umfram sex vinnustundir á mánuði, á hvert heimili, er endurgjaldslaus.

2. gr.

Undanþága frá greiðslu/lækkun greiðslu.

Undanþegnir gjaldskyldu eru þeir notendur sem einungis hafa tekjur samkvæmt framfærsluviðmiði Tryggingastofnunar ríkisins eða þar undir.

Þeir notendur stuðningsþjónustu sem hafa tekjur umfram tekjur frá Tryggingastofnun ríkisins eða samsvarandi fjárhæð greiða aldrei hærri upphæð fyrir þjónustu en sem nemur 50% af umframtekjum.

3. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett á grundvelli 2. mgr. 25. gr. laga um málefni aldraðra, nr. 125/1999, og 40. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. janúar 2025 og fellur þá jafnframt úr gildi gjaldskrá sama efnis, nr. 1285/2023.

Borgarstjórnin í Reykjavík, 15. nóvember 2024.

Einar Þorsteinsson.

B-deild – Útgáfudagur: 3. desember 2024